



Umhverfisvöktun

IÐNAÐARSVÆÐISINS Á GRUNDARTANGA

Niðurstöður umhverfisvöktunar iðnaðarsvæðisins á Grundartanga árið 2022 fyrir loftgæði, ferskvatn, gras, hey og sjó sýna að öll viðmiðunarmörk eru uppfyllt, sem sett eru í starfsleyfum og reglugerðum. Fyrir þá mæliþætti sem viðmiðunargildi eru ekki til, eru niðurstöður bornar saman við bakgrunnsgildi og niðurstöður fyrri ára.

Umhverfisvöktun iðnaðarsvæðisins á Grundartanga fer fram samkvæmt umhverfisvöktunaráætlun sem gerð er skv. starfsleyfum og samþykkt er af Umhverfisstofnun. Þau fyrirtæki sem taka þátt í umhverfisvöktuninni eru Elkem Ísland ehf., Norðurál Grundartanga ehf. og Alur Álvinnsla ehf.

Skýrslur um niðurstöður vöktunarinnar er að finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is.



www.alur.is



www.elkem.is




www.nordural.is

Niðurstöður

| VIÐTAKI | MÆLINGAR | UNDIR VIÐMIÐUNAR-MÖRKUM | STAÐAN 2022 |
|-----------------------|---|-------------------------|---|
| LOFTGÆÐI | Flúor Brennisteinn Önnur efni | ✓ | Flúor, brennisteinn og önnur efni mældust í öllum tilvikum undir skilgreindum umhverfismörkum. |
| FERSKVATN | Flúor Brennisteinn Önnur efni | ✓ | Magn flúors hefur ekki breyst í bergvatnsám en aukist í Kalmansá og Urriðaá miðað við 1997. |
| SJÓR VIÐ FLÆÐIGRYFJUR | Málmar Sýaníð Flúor Önnur efni | ✓ | Óverulegra áhrifa gætir utan við flæðigryfjurnar eins og undanfarin ár. |
| GRÓÐUR | Flúor | ✓ | Flúor í gróðri mældist í öllum tilvikum undir þolmörkum gróðurs og undir reglugerðarmörkum um magn flúors í fóðri. Flúor í grasi og laufi er hærri en hann var 1997. |
| HEY | Flúor Brennisteinn | ✓ | Flúor í heyi mældist í öllum tilvikum undir þolmörkum grasbíta og hámarksgildi flúors í fóðri. Mælingar á brennisteini í heyi eru sambærilegar við niðurstöður annarra rannsókna sem gerðar hafa verið á heyi víða um land. |
| SAUÐFÉ | Flúor Tennur Liðir framfóta | ✓ | Flúor í lömbum og fullorðnu fé er hærri en hann var 1997, og svipaður eða lægri en var 2007. Áhrif flúors á tennur og liði sauðfjár eru ekki greinanleg. |
| HROSS | Tennur Liðir framfóta | ✓ | Áhrif flúors á tennur og liði hrossa eru ekki greinanleg. |

Þegar við á eru niðurstöður bornar saman við niðurstöður ársins 1997, áður en álver Norðuráls tók til starfa og árið 2007 þegar öll ker álvversins voru komin í rekstur.

Vöktunarstaðir 2022



Umhverfisvöktunin í Hvalfirði er ein víðamesta umhverfisvöktun sem fram hér á landi. Hún felur í sér rannsóknir og eftirlit óháðra aðila með rúmlega 70 mælipáttum í og við Hvalfjörð. Á árinu 2022 voru um 400 sýni tekin á um 120 sýnatökustöðum. Ákvæði í íslenskum reglugerðum eða í starfsleyfi fyrirtækjanna eru til fyrir um 30 af þessum mælipáttum. Fyrir þá mælipætti sem engin opinber viðmið liggja fyrir, eru niðurstöður bornar saman við bakgrunnsgildi og niðurstöður fyrri ára.

Lykilstærðir




Tímaáætlun umhverfisvöktunar


Fengin af vef Umhverfisstofnunar www.ust.is

VÖKTUNARPÁTTUR

-  Loftgæði
-  Ferskvatn
-  Gras, lauf og barr
-  Mosar og fléttur
 - Klapparreitir
 - Móareitir
-  Sauðfé og hross
-  Flæðigryfja
-  Lífríki sjávar og set
-  Hey




Ferskvatn



Flúor í ferskvatni


Flúor var mældur í sex ám við Hvalfjörð. Uppsprettur eru vötn sem staðsett eru afar nærrí iðnaðarsvæðinu (Kalmansá og Urriðaá) en aðrar ár eru bergvatnsár (Berjadalsá, Fossá, Laxá og Kúludalsá). Flúor mælist fimm sinnum lægri í bergvatnsánum en í öðrum vöktunarám. Sýrustig og meðalstyrkur flúors og súlfats var í öllum vöktunarám innan þeirra marka sem skilgreind eru í neysluvatnsreglugerð.



Loftgæði


Heildar flúor (F) í andrúmslofti

Flúor var mældur á tveimur mælistöðvum. Styrkur heildarflúors (F), þ.e. samanlagður styrkur loftkennds flúors (HF) í andrúmslofti og flúors sem er bundinn í ryki á Kríuvörðu lækkaði á milli ára eftir óvenju há gildi árið 2021. Magn flúors á Gröf var svipð og undanfarin ár. Flúor mældist í öllum tilvikum innan starfsleyfismarka Norðuráls.




Brennisteinstvíoxíð (SO_2) í andrúmslofti

Brennisteinstvíoxíð var mælt á þrem mælistöðvum. Á öllum vöktunarstöðunum mældist lægri styrkur SO_2 árið 2022 miðað við 2021. Brennisteinstvíoxíð mældist undir öllum skilgreindum viðmiðunarmörkum.



Ryk (PM_{2,5}) í andrúmslofti

Svifryk var mælt á tveimur mælistöðvum. Styrkurinn mældist svipaður og undanfarin ár.



Á öllum loftgæðamælistöðvunum mældist styrkur, brennisteinsvetnis, nituroxíða, svifryks og bensó(a)pýrens, í öllum tilvikum undir skilgreindum viðmiðunar-mörkum.



Wojciech Sasinowski, verkefnastjóri Hafrannsóknarstofnunar, við reglubundin viðhaldsstörf í loftgæðastöðinni að Gröf II.

🌊 Sjór við flæðigryfjur



Wojciech Sasinowski við sýnatöku í Hvalfirði.

Málmur, sýaníð, flúor og fleiri efni eru mæld í sjósýnum sem tekin eru rétt fyrir utan flæðigryfjurnar ár hvert.

Meðalstyrkur efna í sjósýnum

Mengunar gætir í óverulegu mæli utan flæðigryfugarðana og eru mæliniðurstöður ársins 2022 svipaðar eða lægri en mælst hafa á undanförnum árum. Sýni mældust undir þeim styrk sem talinn er geta haft áhrif á viðkvæmt lífríki eða viðmiðunarmörk í starfsleyfi Norðuráls.

| | As µg/L | Cr µg/L | Cu µg/L | Ni µg/L | Pb µg/L | Zn µg/L | Al* µg/L | Fe** µg/L | F* mg/L | CN** mg/L |
|------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|-------------|--------------|------------|--------------|
| 2016 | 1,7 | 1,6 | 0,6 | 1,3 | <0,3 | 3,4 | | 67 | 0,8 | <0,005 |
| 2017 | 1,8 | 0,4 | 1,0 | 0,35 | <0,3 | 1,5 | 22 | 56 | 1,3 | <0,005 |
| 2018 | 1,5 | 0,27 | 1,0 | 0,66 | <0,3 | 3,4 | 32 | 39 | 1,3 | <0,005 |
| 2019 | 1,6 | 0,23 | 0,5 | 0,54 | <0,3 | 1,4 | 28 | 35 | 1,4 | 0,005 |
| 2020 | 2,1 | 0,24 | 0,6 | 0,55 | <0,3 | <2 | 28 | 34 | 1,4 | <0,005 |
| 2021 | 1,8 | 0,56 | 0,6 | 0,89 | <0,3 | 2,4 | 30 | 48 | 1,3 | <0,001 |
| 2022 | 1,5 | 0,23 | 0,8 | 1,01 | <0,3 | 1,4 | 39 | 33 | 1,3 | <0,002 |


■ Mjög lítil eða engin hætta á áhrifum ■ Lítill hætta á áhrifum
Litir vísa til umhverfismarka skv. reglugerð 769/1999.

* Viðmiðunarmörk í starfsleyfi Norðuráls um kælivatn sem leiða má til sjávar:
á� <20 mg/l og flúor ≤ 50 mg/l

** Umhverfismörk ekki til.




Gróður



Flúor í grasi


Sýnum af grasi var safnað frá 12 stöðum í kringum Hvalfjörð. Flúor í öllum grasisýnum mældist undir viðmiðunargildum fóðurs og töldum þolmörkum grasbíta. Flúor í grasi árið 2022 lækkaði frá því árið áður og nær svipuðum gildum og fyrri ár. Breyting til hækkanar var á meðalstyrk flúors í grasi bæði norðan og sunnan fjarðar, miðað við árið 1997.

■ Norðan fjarðar ■ Sunnan fjarðar



Flúor í laufi

Sýnum af laufi og barri var safnað frá 12 stöðum í kringum Hvalfjörð. Flúor mældist í öllum sýnum undir þolmörkum lauf- og barrtrjáa. Meðalstyrkur flúors í laufi árið 2022 lækkaði miðað við árið 2021 en var sambærilegur við þann styrk sem mældist árin þar á undan. Breyting til hækunar var á meðalstyrk flúors í laufi bæði norðan og sunnan fjarðar, miðað við árið 1997.



Brynda í Skógræktinni við sýnatöku.




Hey



Flúor og brennisteinn er mældur í hey annað hvert ár. Sýni af heyi voru tekin frá sjö bæjum í kringum Hvalfjörð. Sýnin endurspeglar það hey sem gefið er í vetrargjöf.

Flúor í heyi


Flúor í heyi mældist í öllum tilvikum undir þolmörkum grasbíta og hámarksgildi í fóðri fyrir sauðfé.



Brennisteinn í heyi

Brennisteinn í heyi var sambærilegur við aðrar rannsóknir, sem gerðar hafa verið á innihaldi brennisteins í heyi víða um land.

Miðað við árið 2020 var meðalstyrkur brennisteins svipaður eða lægri á öllum vöktunarstöðum.






Grasbítar




Lömb - Samanburður norðan og sunnan fjarðar

Flúor er mældur í kjálkabeinum lamba frá 12 stöðum norðan og sunnan Hvalfjarðar. Meðalstyrkur flúors í lömbum norðan fjarðar árið 2022 var marktækt hærri en mældist árið 1997, en lægri miðað við árið 2007. Sunnan fjarðar var styrkurinn hærri en árið 1997 en óbreyttur miðað við árið 2007. Á báðum svæðum var meðalstyrkur flúors marktækt lægri 2022 en árið 2021. Rannsóknir liggja ekki fyrir um áhrif flúors á tennur sauðfjár og er því miðað við niðurstöður norskrar rannsóknar frá 1990-1996 á ungum dádýrum (1,5 vetrar) í grennd við álver. Árið 2022 er ekki munur á milli meðalstyrks flúors í lömbum norðan fjarðar annars vegar og sunnan fjarðar hins vegar.



Fullorðið fé - Samanburður norðan og sunnan fjarðar

Flúor er mældur í fullorðnu fé (sex vетra eða eldri) frá 12 stöðum norðan og sunnan Hvalfjarðar. Árið 2022 var ekki marktæk breyting á meðalstyrk flúors í fullorðnu fé norðan Hvalfjarðar miðað við árið 2007 en marktæk hækjun miðað við árið 1997. Sunnan fjarðar var marktæk breyting til hækjunar á meðalstyrk flúors í fullorðnu fé bæði miðað við árin 1997 og 2007. Árið 2022 var ekki um marktækan mun að ræða á meðalstyrk flúors frá bæjum norðan fjarðar annars vegar og sunnan fjarðar hins vegar.



Áhrif flúors á tennur og liði sauðfjár og hrossa eru ekki greinanleg. Ástand tanna hrossa og sauðfjár var metið eðlilegt og ekki sáust breytingar á liðamótum þeirra dýra sem voru skoðuð.